

Samband Íslenskra myndlistarmanna, kt. 551283-0709, dags 1. desember 2020

Umsögn um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um listamannalaun, nr. 57/2009 (Tímabundin fjölgun starfslauna og styrkja), 310. mál.

151. löggjafarþing 2020–2021.  
Þingskjal 346 - 310. mál.  
Stjórnarfrumvarp.

346 stjórnarfrumvarp, mennta og menningarmálaráðherra.

Stjórn Sambands íslenskra myndlistarmanna (SÍM) fagnar framkomnu frumvarpi til laga. Þessi fjölgun starfslauna er afar mikilvæg í ljósi þess stórkostlega atvinnu- og tekjumissis sem mikill hluti félagsmanna SÍM hefur orðið fyrir vegna Covid-19 faraldursins.

Undangengin atburðarás hefur dregið fram í dagsljósið hve staða listgreina í samfélaginu er viðkvæm. Í því samhengi er brýnt að hefja metnaðarfulla endurskoðun á stuðningi hins opinbera við listamenn þar sem tekið er tillit til aukins vægis myndlistar og annarra listgreina samfélaginu nú og í næstu framtíð.

Listir eru viðkvæmur vaxtarbroddur nýsköpunar. Skapandi greinar ryðja nýjum og framsæknum hugmyndum í atvinnusköpun braut. Listir eru undirstaða slíkrar framþróunar. Þetta hlutverk lista hefur lengi verið vanmetið, en á síðustu árum hafa augu manna verið að opnast fyrir þessu mikilvæga hlutverki þeirra.

Við viljum vekja athygli hér á að stuðningur hins opinbera við myndlistarmenn hefur ekki haldist í hendur við aukið framlag þeirra til samfélagsins. Myndlist eykur lífsgæði fólksins í landinu og er mikilvæg erlendum gestum. Myndlistarmenn sækja í auknum mæli fram á alþjóðavettvangi; um list þeirra er fjallað í erlendum miðlum og fagritum. Sú umfjöllun er verðmæt kynning á landinu og menningu þess.

Það er ríkuleg ástæða til að efla til muna opinberan stuðning við myndlistarmenn og starf þeirra og löngu orðið tímabært. Launasjóður myndlistarmanna er hér í lykilhlutverki og hefur aldrei verið mikilvægari. Þar væri mikilvægt að fjölga bæði verulega þeim myndlistarmönnum sem geta notið launa á hverjum tíma og hækka upphæð launanna, en nú samsvarar hún ekki nema um helming launa þeirra stétta sem vinna hjá hinu opinbera og eru með sambærilega menntun og reynslu.

Virðingarfyllt  
f.h. stjórnar SÍM - Sambands íslenskra myndlistarmanna

Anna Eyjólfsdóttir, formaður